

## **Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 26 nóvember 2024: Tillaga fulltrúa foreldrafélaga í miðborg um lengingu opnunartíma í Sundhöllinni. MSS24110182**

Lagt er til að íbúaráð Miðborgar- og Hlíða samþykki að beina því til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs að endurskoða opnunartíma Sundhallarinnar og færa opnunartíma um helgar aftur til 22.00.

Greinagerð:

Skerðing á opnunartíma á sundlaugum í Reykjavík var harðlega gagnrýnd þegar hún kom til og teljum við tímabært að rýmka aftur opnunartímann í það sem áður var. Það er jákvætt og gleðilegt hversu mikið ungt fólk sækir sundlaugar á kvöldin og það er einmitt þörf á að stuðla að því að ungmenni hafi fjölbreytta afþreyingarmöguleika í jákvæðu umhverfi á kvöldin. Einnig styður það við lýðheilsuáhrif borgarinnar að lengja opnunartíma sundlauganna, fyrir alla aldurshópa og alla gesti.